

Bæjarráð Fjarðabyggðar

Neskaupstað 12.09. 2022

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Lystigarðsnefnd Kvenfélagsins Nönnu í Neskaupstað vill vekja athygli á að frá árinu 1934 hefur kvenfélagið verið ígildi verndara garðsins, enda fengu kvenfélagskonur þennan reit til afnota það ár. Það var svo árið 1944-45 sem bærinn tók formlega við umsjón með garðinum en áfram héldu kvenfélagskonur að sýna garðinum áhuga og leggja fram vinnu eins og kostur var.

Fyrir nokkrum árum kynnti þáverandi umhverfisstjóri Fjarðabyggðar, kvenfélagskonum nýjan uppdrátt af skipulagi garðsins sem okkur leist mjög vel á, sérstaklega bætt aðgengi allra íbúa að garðinum. Síðan hefur ekkert gerst.

Nú er svo komið að garðurinn stendur ekki undir nafni sem lystigarðurinn í Neskaupstað og er það í annað sinn á sl. 10 árum sem það gerist. Það er ekki nema von að spurt sé hvort bæjaryfirvöld hafi lítinn sem engan áhuga á að viðhalda né þróa almenningsgarð í þágu íbúa Neskaupstaðar?

Kvenfélagið Nanna hefur ávallt verið reiðubúið að vinna að uppbyggingu og viðhaldi garðsins og er stofnun Lystigarðsnefndar kvenfélagsins gott dæmi um það. Nú liggja fyrir mörg verkefni innan garðsins sem þola ekki lengri bið. Þar má nefna, aðgengi inn í garðinn með gerð gangstíga, bættu lýsingu og síðast en ekki síst varanlega viðgerð á gosbrunni garðsins.

Með bréfi þessu vonast Lystigarðsnefnd kvenfélagsins Nönnu eftir jákvæðum viðbrögðum bæjaryfirvalda og minnir á að kvenfélagið er alltaf reiðubúið til samstarfs og samráðs og telur mikilvægt að garðurinn hljóti þá gjöf sem hann á skilið fyrir 90 ára afmæli sitt þann 2.8 2024.

f.h. Lystigarðsnefnd Kvenfélagsins Nönnu í Neskaupstað, Helga Magnea Steinsson

Meðfylgjandi er linkur á grein Braga Bergsonar um Skrudgarðinn í Neskaupstað
<https://bragibergsson.wordpress.com/skrudgardurinn-i-neskaupstad/>

Afrit sent umhverfis- og skipulagsnefnd